

Leitað eftir áhugasömum til samtals um uppbyggingu á lóð R1 í Víkurhverfi



27.06.2025 Fréttir Stjórnsýsla


Á 34. fundi bæjarráðs var lagt til að lóðin R1 í Víkurhverfi verði auglýst laus til umsóknar með það að markmiði að umsækjandi sækji til sveitarfélagsins um heimild til uppbyggingar á lóðinni á grunni gr. 4.2. í lóðarreglum sveitarfélagsins með þeirri forsendu að miðað verði við 600 fm² byggingarmagn, bílastæði snúi að Borgarbraut og íbúðir verði allt að fjórar með bílskúrshæmild. Forgangsröðun úthlutunnar til áhugasamra aðila skuli byggja á gr. 4.2.2. í lóðarreglum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn samþykkti, á 38. fundi sínum, að auglýsa eftir áhugasömum aðilum á framangreindum forsendum til samtals um uppbyggingu á lóð R1 í Víkurhverfi sem getur orðið grundvöllur að lóðarúthlutun í framhaldinu.

Bæjarstjórn fól einnig skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við tillögu að breyttu deiluskipulagi á svæðinu.

Áhugasamir geta leitað nánari upplýsinga hjá bæjarstjóra í síma 433-8100.

Sjá nánar [gildandi deiliskipulag fyrir svæðið](#).



Víkurhverfi